

150. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 2. desember 2024 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður
Björn Guðmundsson varaformaður
Elsa Lára Arnardóttir
Helgi Pétur Ottesen
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsfólks

Starfsmenn:

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir tvo einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 26.11.2024:

Hjúkrunarrými: 61 einstaklingar.
Hvíldarinnlagnir: 49 einstaklingar.

2) Fjárhagsáætlun 2025

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 1.760,9 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nemi 1.663,7 mkr. Afskriftir nemi 32,8 mkr. og fjármagnsliðir nemi nettó 45,9 mkr. Hagnaður af rekstri nemur 18,5 mkr. Handbært fé frá rekstri nemi 85,1 mkr. og fjármögnunarhreyfingar nemi nettó 107,4 mkr. Hækkun á handbæru fé nemi 192,6 mkr. og að handbært fé í árslok verði 297,2 mkr. Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

3) Fjárhagsáætlun 2026-2028

Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

4) Velferðarlausnir

Stjórn samþykkir innleiðingaáætlun á velferðarlausnunum Iðunn og Lyfjavaki sem nær yfir tímabilið 2025-2027. Gert er ráð fyrir að kostnaður sem til fellur á árinu 2025 rúmist innan fjárhagsáætlunar 2025.

5) Erindi frá Velferðar- og mannréttindaráði varðandi akstursþjónustu

Stjórn Höfða samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útboði á akstursþjónustu með Akraneskaupstað. Stjórn Höfða óskar eftir að akstur vegna Höfða verði tilgreindur sérstaklega svo stjórn geti tekið afstöðu til tilboðs óháð öðrum akstri í heildarútboði.

6) Tilnefning í undirbúningsnefnd um stækkun Höfða

Stjórn Höfða staðfestir tilnefningu Akraneskaupstaðar á Guðmundi Ingþóri Guðjónssyni í nefndina. Guðmundur Ingþór verður jafnframt formaður nefndarinnar.

7) Fundargerðir Starfshóps um starfsemi og rekstur Höfða frá 24.10. og 7.11.2024

Lagðar fram.

8) Önnur mál

a) Gjaldskrá Höfða

Stjórn Höfða samþykkir að verð á matarmiðum til starfsfólks taki sömu breytingum og verður á skattmati fæðis fyrir tekjuárið 2025.

Hækkanir taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:19